

Fundur í skólaráði Vatnsendaskóla 18.01.2016.

Mættir voru: Bjarki Kristjánsson 9. Krækilyngi, Bryndís Jónsdóttir foreldrafulltrúi, Guðrún Soffía Jónasdóttir skólastjóri, Halla Björk Marteinsdóttir foreldrafulltrúi, Halldór Sigurjónsson húsvörður, Ingibjörg Bjarney Bjarnadóttir kennari og Þorvar Hafsteinsson foreldrafulltrúi.

1. Breytingar á stjórnun Vatnsendaskóla:

Guðrún Soffía fór yfir breytingar sem framundan eru á stjórnun Vatnsendaskóla. Guðrún Soffía er að fara í leyfi þann 1. febrúar 2016 og kemur aftur til starfa 1. janúar 2017. Hekla Hannibalsdóttir aðstoðarskólastjóri leysir skólastjóra af þennan tíma. Aðstoðarskólastjóri verður Edda Kjartansdóttir sem kemur ný inn og leysir Heklu af. Edda hefur síðustu tíu ár verið við kennslu á menntavísindasviði Háskóla Íslands og verið starfsþróunarstjóri menntavísindasviðs.

2. Spjaldtölvur í skólastarfi:

Nemendur í 6. og 7. bekk fá afhendar spjaldtölvur í lok janúar. Kennarar þeirra hafa verið á námskeiði til þess að undirbúa verkefnið. Nemendur í 8. og 9. bekk fengu afhendar spjaldtölvur í haust. Áætlað er að á næsta skólaári verði allir nemendur á miðstigi og í unglingadeild komnir með sína persónulegu spjaldtölvu. Einnig á skólinn 40 spjaldtölvur sem notaðar verða hjá yngsta stigi við ýmsa verkefnavinnu.

3. Spjaldtölvur Þróunarvinna:

Spjaldtölvuverkefnið hefur verið í brennidepli hjá kennurum Vatnsendaskóla í vetur. Í skólanum starfar teymi kennara og stjórnenda sem stýrir innleiðingunni. Það skapast miklir möguleikar til þess að gera kennsluna fjölbreyttari og eru nemendur fljótir að tileinka sér tæknina. Einnig hafa verið haldin mörg örnámskeið fyrir kennara til þess að þeir kynnist tækninni betur og læri á kennsluöpp sem nota má í kennslu. Einnig er unnið með stafræna borgaravitund því tæknin bíður upp á marga möguleika en einnig hættur sem nemendur og kennarar þurfa að vera á varðbergi gagnvart. Kennarar og nemendur Vatnsendaskóla hafa nýtt sér vel alla þá möguleika sem spjaldtölvurnar bjóða upp á.

4. Önnur mál:

Bryndís spurðist fyrir um námsmat í bókstöfum og hvernig verkefnið gengi í Vatnsendaskóla. Guðrún Soffía fór yfir þá vinnu sem unnin hefur verið samhliða vinnu við nýja skólanámskrá. Kennarar í unglingadeild eru að vinna að viðmiðum í hverri grein sem þurfa að vera mjög skýr svo námsmatið sé áræðanlegt. Beðið er eftir frekari fyrirmælum frá menntamálastofnun og finnst okkur mikilvægt að fá skýrari svör frá ráðuneyti menntamála varðandi þær grundvalarbreytingar sem nú eiga sér stað á námsmati.

Bryndís spurðist fyrir um Dægradvöl Vatnsendaskóla og hvernig starfið gengi. Guðrún Soffía fór yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á starfseminni í tengslum við starf nefndar sem vann að bættum hag Dægradvala í Kópavogi. Búið er að vinna handbók um starfsemi Dægradvala, handbók fyrir starfsmenn og starfslýsingar. Stjórnunarkvóti hefur verið aukinn og er forstöðumaður í 100% starfi við stjórnun og hefur með sér annan starfskraft til skipulagsvinnu í 20% starfi. Allt skipulag hefur verið tekið til skoðunar og bætt. Enn þarf Dægradvölin að dreifast um skólann því 197 börn eru í Dægradvölinni og húsnæði á neðri hæð dugar ekki til. Í vetur hafa verið starfræktir klúbbar fyrir 4. bekk og hefur það starf gengið mjög vel. Skipulagið er enn í þróun en starfið hefur gengið vel í vetur.

Fundi slitið kl. 9:30